

Bókasafn



Héraðsskjalasafn



Upplýsingamiðstöð

Ársskýrsla 2020

Gerð í maí 2021

Hrönn Hafþórsdóttir
forstöðukona Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Efnisyfirlit

Bókasafn Fjallabyggðar	3
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	3
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2020.....	3
Húsnæðismál.....	4
Rekstur safnsins og fjárveitingar.....	5
Safnkostur	6
Flokkun og skráning	6
Útlán.....	8
Gestir.....	9
Helstu verkefni ársins 2020.....	10
Viðburðir og sýningar	12
Áhrif vegna Covid 19 – samantekt	12
Lokaorð	13
Héraðsskjalasafn	14
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	14
Húsnæðismál.....	14
Rekstur og fjárveitingar.....	15
Mannauður	15
Helstu verkefni	15
Lokaorð	17
Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð	18
Rekstur og fjárveitingar.....	18
Ferðamenn.....	19

Bókasafn Fjallabyggðar

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ.á.m. sögustundir, safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms.

Afgreiðslutími

- 1. september – 31. maí: Opið virka daga frá kl. 13.00 -17.00
- 1. júní – 31. ágúst: Opið virka daga frá kl. 09.00 – 12.00 og 13.00 - 17.00.

Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2020

Á bóka- og héraðsskjalasafninu auk Upplýsingamiðstöðvar eru fjórir fastráðnir starfsmenn í rúmum þremur stöðugildum. Forstöðukona er í 50% starfi í bókasafni og 50% starfi við héraðsskjalasafn. Þjónustufulltrúi, Ólafsfirði er í 90% starfi við bókasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þjónustufulltrúi, Siglufirði er í 50% starfi við bókasafnið, 15% við héraðsskjalasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Einnig sinnir hún þrifum. Skjalavörður er í 50% starfi.

Einn starfsmaður var ráðin í sumarafleysingar á Upplýsingamiðstöð og leysti hann einnig af sem bókavörður á báðum söfnum þ.e. á Ólafsfirði og á Siglufirði. Bæði opnunartími yfir sumarið og starfsmannaráðningar voru frábrugðnar frá fyrri árum vegna Covid 19 (sjá sérkafla).

Starfsmenn árið 2020

Stöðugildi	Bókasafn	Héraðsskjalasafn	Upplýsingamiðstöð
Bylgja Hafþórsdóttir	50%	15%	10%
Gíslný Halldóra Jónsdóttir		50%	
Hrönn Hafþórsdóttir	50%	50%	
Vilhjálmur Hróarsson	90%		10%
Sumarafleysingar 1. júní- 31. ágúst Eva Hrund Unnarsdóttir			100%

Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði er til húsa að Ólafsvogi 4 (gamla stjórnarsýsluhúsinu). Neðri hæð hýsir nýjar og nýlegar bækur ásamt afgreiðslu og á efri hæð eru eldri bækur, setustofa og fundaraðstaða. Hluti efri hæðar og anddyri er samnýtt með stjórnarsýslunni. Breytingar urðu litlar sem engar á árinu og nú þegar safnið hefur verið til húsa á Ólafsveginu í 7 ár er húsnæðið og hillupláss löngu sprungið. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að betrubæta aðstöðu fyrir gesti bókasafnsins þar. Stjórnarsýslan er enn með fundaraðstöðuna á efri hæð og hefur komið til þess stöku sinnum að stangast á fundir og gestir bókasafnsins hafa þurft að fara. Þegar þetta er skrifað í maí 2021 eru framundan breytingar stjórnarsýslunni til handa og gengur þá ennfrekar á húsnæði það sem bókasafnið hafði yfir að ráða. Herbergi á 2. hæð þar sem unglingar höfðu aðstöðu er nú tekið undir fundarherbergi og þar með er enginn staður í safninu sem unglिंगarnir geta verið.

Bókasafnið á Siglufirði er til húsa að Gránugötu 24 eins og verið hefur síðustu 56 árin. Meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins er jafngamall. Stór áfangi náðist á árinu en þá var skipt út gólfefni í bókasafninu á Siglufirði. Hillubúnað og húsgögn þyrfti að fara að taka í gegn og laga. Ný afgreiðslutölva var sett upp í bókasafninu á Ólafsfirði í janúar. Ný heimasíða bókasafns Fjallabyggðar fór í notkun á árinu. Gefins stólar og borð frá Bókasafni Hafnarfjarðar. Leigður var sendibíll sem eiginmaður forstöðukonu keyrði norður og var það eini kostnaðurinn.

Rekstur safnsins og fjárveitingar

Rekstargjöld bókasafns árið 2020 með tilliti til tekna voru 28.047.617 en áætlun gerði ráð fyrir kr. 26.848.000. Hærri gjöld má rekja til hærri launakostnaðar og launatengdra gjalda og einnig til hærri útgjalda í hreinlætisvörum vegna Covid. Rekstrargjöld bókasafns 2019 með nýtingu tekna voru kr. **24.944.189** en áætlun ársins gerði ráð fyrir kr. **26.323.000**. Eins og áður hefur verið reynt að halda niðri kostnaðarliðum eins og mögulegt er til að mögulegt sé að mæta óhjákvæmilegum framúrkeyrslum í sumum liðum.

Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar

Ákveðið var árið 2019 að hætta að taka við gjafabókum að sinni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að búið er að skipta út þeim bókum sem þurfti. Önnur ástæða fyrir að hætt var að taka við bókum eru fyrirmæli Landskerfis um að afskrifa bækur sem ekki er nauðsyn að eiga. Með þessu vilja þau minnka álagið þegar gamla bókasafnskerfinu verður skipt út fyrir nýtt. Þó höfum við á þessu ári tekið við þeim bókum sem við teljum okkur þurfa. Einnig fáum við reglulega gefins púsl sem við seljum ódýrt og er peningur sem fæst fyrir það notaður til að kaupa ýmislegt sem safninu vanhagar um. Sem dæmi má nefna að öll gulu húsgögnin sem keypt hafa verið á barnadeildina Siglufjarðarmegin eru keypt fyrir þann pening. Jólaskraut, hnífapör og fleira smálegt hefur líka verið keypt.

Safnkostur

Safnkostur sem skráður er í Gegni- samskrá bókasafna var:

Í desember 2014

Bókasafnið Siglufirði, 20.438 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 14.895 eintök

Í desember 2015

Bókasafnið Siglufirði, 24.828 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.437 eintök

Í desember 2016

Bókasafnið Siglufirði, 27.064 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.806 eintök

Í desember 2017

Bókasafnið Siglufirði, 31.116 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.457 eintök

Í desember 2018

Bókasafnið Siglufirði, 31.976 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.791 eintök

Í desember 2019

Bókasafnið Siglufirði, 30.743 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 17.154 eintök

Í desember 2020

Bókasafnið Siglufirði, 30.092 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 17.392. eintök

Fækkun eintaka á Siglufirði felst í afskriftum en alls voru afskráð 651 eintök á árinu.

Flokkun og skráning

Skráningu eldri safnkosts **lauk á árinu 2017** og bætist eingöngu við gjafabækur og nýútkomnar bækur.

Vegna Covid var nú loksins tími til að ganga frá og fara yfir tímaritakost safnins og er því lokið.

Verkið hófst í apríl og lauk í júlí. Búið er að tengja og skrá öll tímarit, reynt var að skrá heild


frekar en hvert stakt tímarit til að spara í strikamerkjakostnaði. Alls eru nú skráðir 158

tímaritatitlar hjá bókasafni Fjallabyggðar. Megnið af eldri tímaritum Siglufjarðarmegin er geymt í skjalageymslu en tímarit bókasafnsins í Ólafsfirði eru geymd í bílskúr við Ólafsvog 4.


Útgefnar bækur á árinu 2020 samkvæmt Bókatíðindum voru ríflega 700 talsins. Alls voru keyptir 314 nýir titlar hjá bókasafninu Siglufjarðarmegin og 284 Ólafsfjarðarmegin. Einnig voru keypt tímarit en í litlu magni þó. Lítið sem ekkert er keypt inn af bókum á erlendum tungumálum. Árlega er farið á bókamarkað bókaútgefenda og þar eru keyptar eldri bækur sem safnið á ekki og hefur mest áhersla verið lögð á að bæta við bókakostinn á barnadeild. Hluti af bókum sem gefnar voru út 2020 voru einmitt keyptar á bókamarkaði 2021.

Útlán

Bókasöfn Fjallabyggðar lána út bækur, hljóðbækur og tímarit. Ekki er um útlán á tónlist eða DVD myndum að ræða. Útlán á árinu 2020 voru alls 7.383 (S 4.385/ Ó, 2.998). Það er minni fækkun en búist var við og er það ánægjulegt. Lokað var seinnihluta mars og allan apríl og miklar takmarkanir á heimsóknir voru allt árið. Líka var lokað vegna gólfefnaskipta í Bókasafninu á Siglufirði frá 1. – 17. nóvember. Þannig að þetta eru tæpir tveir mánuðir sem lokað var. Útlán á árinu 2019 voru alls 8.478 (S 4.890/Ó 3.588). Útlán eru semsagt 1.093 færri en árið áður og er það að mestu komið til vegna Covid og lokunar vegna þess, en líka má rekja samdrátt í útlánnum til Storytel og á það við um öll bókasöfn á landinu. Almenningsbókasöfn hafa því miður ekki náð að semja við útgefendur þegar kemur að raf- og hljóðbókum og er það miður því tæknin hefur verið til staðar í nokkur ár.



Gestir



Virikum lánþegum fækkaði mikið á árinu. Lánþegar með gild skírteini vour í lok árs 287 talsins (S 188/Ó 99). Flestir á árinu voru 210 virkir lánþegar í ágúst á Siglufirði og 125 voru virkir lánþegar í janúar á Ólafsfirði. Lánþegar með gild skírteini í árslok 2019 voru 334 (S 211/Ó 123). Og hefur þeim því fækkað um 47 sem er mikið í svona litlu bæjarfélagi eins og Fjallabyggð er.

Samkvæmt talningu voru lánþegakomur á árinu 6.215 (S 3.654/Ó 2.561). Inni í þessum tölum eru einnig aðrir gestir þ.e. skólahópar í safnfræðslu, leikskólahópar og gestir á þeim fáu hannyrðakvöldum sem haldin voru Bókamarkaðir voru ekki haldnir þetta árið vegna Covid.

Einnig má telja víst að samdráttur í gestakomum sé líka að hluta til kominn vegna Storytel sem er rafbókaveita þar sem gestir borga ákveðið gjald á mánuði og geta hlaðið niður rafbókum að vild. Gestir sem sóttu Upplýsingamiðstöðina eru **EKKI** inni í þessum tölum.

Símenntun

Lítið var um námskeið og ráðstefnur vegna Covid en þó aðeins. Landskerfi kynnti ferli við innleiðingu nýja bókasafnskerfisins en því seinkar til ársins 2022. Fundir voru haldnir í gegnum Teams eða Zoom eða þá símafundir og tók forstöðukona þátt þegar hægt var.

Helstu verkefni ársins 2020

Vegna Covid og þeirrar óvissu sem ríkti í þjóðfélaginu var ákveðið að gera ekki starfsáætlun fyrir árið 2020 þar sem engin vissi hvernig árið yrði. Í staðinn var haldin verkefnadagbók og hér á eftir er upptalning á því helsta sem gert var á árinu 2020.

1. Yfirferð á bókakössunum frá árinu áður lauk í janúar og fækkaði kössum úr 168 í 110. Flest var afskrifað.
2. Mikil vinna var fólgin í því að setja inn efni á nýja heimasíðu Bókasafnsins og var það verk í höndum forstöðukonu.
3. Fyrsta útlit nýrrar heimasíðu fyrir héraðsskjalasafnið kom í janúar en ekki vannst mikill tími til að sinna henni á árinu.
4. Ný (gömul) húsgögn komu í febrúar og var gengið frá þeim. (Stólarnir og borðin sem áður eru nefnd).
5. Vorþríf hófust í mars þegar lokað var vegna samkomubanns. Samhliða því var farið í að grísa úr hillum Siglufjarðarmegin. Var það gert vegna fyrirhugaðra gólfefnaskipta.
6. Gamla skjalageymslan á 2. hæð var þrífín og hillur endurmerktar. Gíslný sá um að breyta skráningum á skjalakössum sem þar eru. Einnig var endurraðað í hillurnar til að auðvelda aðgengi að þeim skjölum sem mest er spurt um. Byrjuðum í mars og vorum réttar þrjár vikur að.
7. Í apríl hófst vinna við tímaritin, þ.e. að skrá og raða og lauk því verki í júlí.

8. Í apríl hófst einnig vinna við skráningu gamalla skjala (30 ára og eldri) sem voru í skjalaskápum í kaffistofu á 2. hæð. Skjölum þar var raðað í stafrófsröð og öllum málaflokkum blandað saman, engir málalykar eða annað til að auðvelda flokkun. Það er skemmst frá því að segja að þessi vinna tók heilt ár og lauk ekki fyrr en í maí 2021. Það má sérstaklega nefna og þakka Gíslný fyrir vel unnið verk.
9. Í Ólafsfirði hélt vinna áfram við gögn úr bílskúrnum á Ólafsveginum og er það unnið reglulega yfir árið. Bæði í skjölum og svo bókum og tímaritum.
10. Í ágúst hófst vinna við að breyta Filemaker skjölum héraðsskjalasafnsins í pdf skjöl svo hægt verði að setja þau á nýju heimasíðu héraðsskjalasafnsins. En vegna manneklu vannst ekki tími til að halda áfram og bíður það verk enn.
11. Í október hófst vinna við að tæma hillur vegna fyrirhugaðra gólfefnaskipta. Í lok október komu svo menn frá L7 til að taka niður og færa hillurnar. Einnig unnu málarameistararnir Mark og Þorgeir ómetanlega vinnu bæði fyrir og eftir gólfefnaskiptin sem voru í nóvember. Nauðsynlegt var að loka safninu meðan á þessu stóð og var það lokað frá 1. nóvember þar til 17. nóvember.
12. Restin af árinu fór svo í frágang eftir gólfefnaskiptin.

Viðburðir og sýningar

- Hannyrðakvöldin sem eru annað hvert þriðjudagskvöld yfir vetrarmánuðina voru fá þetta árið vegna Covid
- Fastar sýningar eru í glerskápum allt árið. Þar má meðal annars sjá muni úr eigu gamla Sparisjóðsins, muni frá Karalakórnum Vísi, fágætar bækur úr Hraunasafni og hina ýmsu muni sem fundist hafa í kössum hér við tiltekt. Líka má nefna leikföng frá fimmta áratug síðustu aldar og margt fleira. Gömul skrá frá Óla Blöndal fannst við tiltekt og þar má sjá uppruna hluta þessarra muna.
- Engir skipulagðir viðburðir voru á árinu vegna Covid.

Áhrif vegna Covid 19 – samantekt

Áhrif á starfsemi og rekstur vegna Covid 19 voru töluverð. Fyrst má nefna aukin kostnað vegna kaupa á hreinlætis- og ræstingarvörum, farið var framúr þessum liðum á fjárhagsáætlun. Bókasöfn landsins þurftu að skella í lás þann 24. mars og var lokað allan apríl. Miklar takmarkanir á komu gesta voru allt árið og eru enn þegar þetta er skrifað í maí 2021. Sem dæmi má nefna að gestum ber að stytta viðveru sína eins og hægt er og takmarkast hún við að koma eingöngu til að taka og skila bókum en ekki dvelja á safninu. Lesstofur eru lokaðar, engin dagblöð liggja frammi. Ekki er heimilt að hafa leikföng eða bjóða upp á kaffi. Þessar takmarkanir hafa harðast komið niður á okkar uppáhalds gestum sem eru börnin. Mikil samdráttur hefur orðið í útlánum barnabóka sem er miður. Engir viðburðir hafa verið haldnir og sést það greinilega þegar skoðaðar eru tölur um fjölda gesta en þeim hefur fækkað mikið. Það kom þó á óvart að útlánum fækkaði ekki eins mikið og reiknað var með.

Lokaorð

Mikið hefur áunnist á árinu. Langþráð gólfefnaskipti urðu loksins. Lokið er öllu er varðar grisjun og tiltekt á bókum og tímaritum í bókasafninu á Siglufirði. Mikil vinna er eftir á Ólafsfirði en erfitt er að athafna sig vegna þrengsla og plássleysis sem verður sífellt meira. Covid hafði mikil áhrif eins og allstaðar í þjóðfélaginu, eina góða sem hefur komið út úr því er að vegna lokana hefur gefist meiri tími í tiltekt og skipulagningu. Stór áfangi náðist þegar, eftir 7 ára starf, náðist að klára skráningu alla þeirra gagna sem eru í bókasafninu á Siglufirði. Að lokum langar forstöðukonu að þakka fyrir velvild í garð bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar.

Héraðsskjalasafn

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélagsins og stofnana þess, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og skjölum félaga og fyrirtækja. Héraðsskjalasafnið hefur verið starfrækt á Siglufirði síðan árið 1984 og frá árinu 2006 undir merkjum sameiginlegs sveitarfélags Fjallabyggðar. Ekki hefur verið tími né mannskapur til að sinna skjalasafninu sem skyldi í gegnum árin og enginn fastur starfsmaður eða skjalavörður var hluta af þeim tíma sem skjalasafnið hefur starfað. En eins og máltækið segir „kemst þó hægt fari“ og seinni ár hefur starfinu miðað ágætlega þó enn sé afar mikið verk óunnið. Á seinni hluta ársins 2017 var unnin opinber stefnumótun fyrir héraðsskjalasafnið og var hún samþykkt í bæjarráði snemma á árinu 2018. Þetta er stórt skref í þá átt að gera skjalasafnið virkt og uppfylla þau lög og reglugerðir sem gilda um héraðsskjalasöfn. Svo við vitnum í orð fyrrum bæjarstjóra okkar, Gunnars Birgissonar, „þá er með því að starfrækja héraðsskjalasafn, lagður traustur grundvöllur fyrir því að varðveita skjöl einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum á heimaslóðum. Það er mikilvægt því saga okkar er margbrotnari en svo að hún verði eingöngu skoðuð í opinberum skjölum“ (Ársrit héraðsskjalasafns Kópavogs, 2010, bls. 5).

Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 Siglufirði. Staðan núna er þannig að 25 fm² bættust við skjalageymslurými sem var áður 14 fm² og 16.1 fm² bætast við geymslu fyrir umbúðir og ófrágengin skjöl. 15 fm² eru ný vinnuaðstaða. Samtals hefur því héraðsskjalasafnið nú yfir um það bil 70 fm² að ráða og er það meira en helming

viðbót. 😊 Aðstaða og aðgengi fyrir gesti héraðsskjalasafnsins er samnýtt með bókasafninu og komin er ágætis aðstaða fyrir gesti þar sem þeir geta sest niður og grúskað. Afgreiðslutími er eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstargjöld með tilliti til tekna árið 2020 voru **8.613.000** en rauntölur urðu kr. **8.771.881**. Áætluð rekstargjöld með tilliti til tekna árið 2019 voru kr. **8.381.000** en rauntölur urðu kr. **7.490.000**.

Mannauður

Bylgja Hafþórsdóttir í 15% starfi allt árið. Gíslný Halldóra Jónsdóttir í 50% starfi allt árið, forstöðukona, Hrönn Hafþórsdóttir í 50% starfi allt árið. Stöðugildin eru 1.15 sem er óbreytt frá fyrra ári.

Símenntun

Lítið var um námskeið og/eða fundi vegna Covid 19. Héraðsskjalavörður sótti nokkra teams og zoom fundi.


Helstu verkefni

Helstu verkefni starfsmanna héraðsskjalasafnsins á árinu voru skráning eldri skjala stjórnarsýslunnar sem voru í skjalaskápum á 2. hæð ráðhússins (stærsta verkefnið) en einnig var náð í hluta skjala stjórnarsýslunnar til Ólafsfjarðar, úr bílskúrnum við Ólafsvog og var grísað það sem mátti grísa í leiðinni. Afhendingar sem bárust á árinu var ekki hægt að flokka og skrá jafnóðum og þær bárust, þar sem eldri skjöl stjórnarsýslunnar voru í forgangi og lauk ekki eins og fyrr segir fyrr en í apríl 2021. Þegar þetta er skrifað er enn unnið að því að skrá 2020 afhendingar. Því lauk svo seinnipart sumars.

Afhendingar til héraðsskjalasafnsins á árinu 2020 voru 31 og skiptast þær þannig:

- Einkaskjalasöfn – 16
- Félög – 9
- Fyrirtæki – 1
- Opinber skjöl – 7
- Annað – 0

Þetta eru alls 33 aðilar og er skýringin á mismuninum sú að nokkrir afhentu gögn frá fleiri en einum aðlila.



Á árinu 2013 voru afhendingar 13, árið 2015 voru afhendingar 30, árið 2017 voru afhendingar 35. Á árinu 2019 voru afhendingar 38 talsins.

Héraðsskjalasafnið er alltaf að verða meira og meira sýnilegt og auðveldara er en áður að svara fyrirspurnum þar sem sífellt meira af gögnum er skráð. Formlegar fyrirspurnir á árinu 2020 voru 45.

- Tölvupóstur – 17
- Komur – 18
- Símtöl – 12
- Facebook – 0

Þessar 45 fyrirspurnir eru skráðar sem 47 því heimsóknir fylgdu símtölum.

Einnig var nokkuð um að fólk kæmi og bæði um að fá ákveðin skjöl til að nota við skrif eða rannsóknarvinnu. Er ánægjulegt hversu þessum heimsóknum hefur fjölgað. Hluti einkaskjalasafna í eigu héraðsskjalasafnsins eru aðgengileg á vefnum einkaskjalasafn.is og stöðugt bætist við. Ef fram fer sem horfir er ný heimasíða væntanleg og mun þá aðgengi almennings að skjölum og geymsluskrám verða að veruleika.

Lokaorð

Mikið hefur áunnist á árinu varðandi aðstöðu og búnað héraðsskjalasafnsins. Stefnumótunin hefur skilað sínu og alltaf færumst við nær því að uppfylla þau lög og reglur sem gilda varðandi héraðsskjalasöfn. Á haustdögum ársins 2019 var umbótaskýrsla send til Þjóðskjalasafns og ánægjulegt að geta upplýst að hún var samþykkt.

Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð

Allt árið 2020

Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið. Hún hefur verið staðsett hin síðustu ár í Bókasafni Fjallabyggðar bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Opnunartími Upplýsingamiðstöðvar fylgir opnunartíma bókasafnanna. Breyting var frá fyrri árum vegna Covid 19. Áður hefur verið opið frá 1. júní til 31. ágúst þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim er opnunartími frá kl. 09.00 - 17.00 virka daga á báðum stöðum. Lokað er þó í Ólafsfirði á morgnana á meðan á sumarleyfi starfsmanns stendur. Ekki var opið um helgar þetta sumarið. Lokað er á stórhátíðardögum.

Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar voru á árinu 2020 kr. **5.933.000** en rauntölur urðu kr. **5.326.915**. Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar voru á árinu 2019 kr. **6.453.000**. Raungjöld árið 2019 urðu kr. **3.191.538**. Kemur þetta til vegna þess að nú var ekki tekin innri leiga húsnæðis inn í rekstarkostnað en gert var ráð fyrir í áætlun að innri leiga yrði kr. 3.265.000. Meginkostnaður við rekstur upplýsingamiðstöðvar felst í launum, launatengdum kostnaði og innri húsaleigu. Þessir liðir voru árið 2020 samtals kr. 5.217.841 og það fé sem Upplýsingamiðstöð hefur til ráðstöfunar til að fjármagna auglýsingar, vörukaup og annað er ekki mikið. Þetta er mögulegt eingöngu vegna þess að öll aðstaða og búnaður er samnýttur með bókasafni. Þessu hefur verið mætt með því að gönguleiðakort sem Upplýsingamiðstöð kaupir eru seld og tekjurnar fær bókasafnið upp í kostnað vegna samnýtingarinnar.

Mannauður

Vegna Covid 19 og fækkunar ferðamanna var eingöngu ráðinn einn starfsmaður þetta sumarið, (júní, júlí og ágúst). Eva Hrund Unnarsdóttir (100%) sem var bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Frá og með 1. nóvember 2017 eru tveir starfsmenn með fast 10% starfshlutfall hvor, Vilhjálmur Hróarsson á Ólafsfirði og Bylgja Hafpórsdóttir á Siglufirði.

Ferðamenn

Eins og áður er talið allt árið bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði.

Siglufjörður – ferðamenn

Mikil fækkun var á komu ferðamanna og ekki var talin þörf á að aðgreina eftir þjóðerni eins og áður. Ferðamenn sem sóttu upplýsingamiðstöðina á Siglufirði allt árið voru 241 og mest kom í júní eða 84. 53 komu í júlí og 58 í ágúst. Alls komu 2.577 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði árið áður eða 2019 og er það töluverð fækkun frá árinu 2018 en þá sóttu 3.860 ferðamenn Upplýsingamiðstöðina heim.

Ólafsfjörður – ferðamenn

Ferðamenn sem sóttu upplýsingamiðstöðina á Ólafsfirði voru aðeins 31 og var það í júní, júlí og ágúst. Alls komu 160 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Ólafsfirði 2019 og er það fækkun frá árinu 2018 en þá komu alls 302 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina, Ólafsfirði. Möguleiki er að þessi fækkun sé að hluta til komin vegna Upplýsingamiðstöðvar í Kaffi Klöru sem er betur staðsett en Upplýsingamiðstöð Fjallabyggðar.

Algengustu fyrirspurnir ferðamanna

Algengustu fyrirspurnirnar voru eins og áður um gönguleiðir og leiðsögn. Mikið var spurt um staðina sem tengjast sjónvarpsþáttunum *Ófærð* og líka um staðina í bókum Ragnars Jónassonar. Hvers konar útivist verður æ stærri þáttur í fyrirspurnunum eins og hvar séu hestaleigur, hvalaskoðun, bátsferðir, skíði og þ.h. Aðrar fyrirspurnir helstar voru varðandi tjaldsvæðið, Síldarminjasafnið, þvott, netsamband, bílaverkstæði, veðrið og minjagripi. Eins og áður var leit þeirra að aðgangi að salerni alltof algeng, vantar sárlega almenningssalerni hér sem opin eru allt árið.

Lokaorð

Ársskýrslan þetta árið er stutt og laggóð. Ekki var um neinar stórvægilegar breytingar að ræða á árinu 2020. Upplýsingamiðstöðin þarf að vera öflug og geta sinnt ferðamönnum af metnaði. Fjallabyggð hefur upp á svo margt að bjóða og það er okkar hér í Fjallabyggð að skapa aðstæður og hafa þann aðbúnað sem þarf til að gera dvöl ferðamannsins sem ánægjulegasta.